

Fornleifakönnun á minjum í landi Norður- Botns í Tálknafirði

Unnið fyrir Dýrfisk hf.

Ragnar Edvardsson

Október 2012

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir	3
3. Skrá yfir fornleifar	4
4. Niðurstöður	13
5. Kort.....	15
7. Heimildaskrá.....	23

1. Inngangur

Að ósk Eiríks Finns Greipssonar hjá Dýrfiski hf. fór fram fornleifakönnun á minjum í landi jarðarinnar Norður-Botns í Tálknafirði. Jörðin liggur í botni Tálknafjarðar og er hún í eigu Dýrfisks hf. sem nýtir hana meðal annars til fiskeldis.

Enginn búskapur er á Norður-Botni en búið er enn á Hjallatúni sem oft var nefndur Botn II, þegar búið var á báðum bæjunum. Lengstum var tvíbýli á jörðinni en við upphaf 17. aldar voru fjórir bæir í byggð á jörðinni.

Vettvangsvinnan fór fram í lok september 2012 og frágangur gagna og skýrsluskrif voru unnin í október 2012. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur vann báða hluta verksins. Skýrsluhöfundur vill þakka starfsmönnum Dýrfisks fyrir aðstoðina á vettvangi en sérstakar þakkir fær heimildarmaðurinn Hermann Jóhannesarson ábúandi á Hjallatúni.

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a) búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i) skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrrsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar var fyrst og fremst á fornleifakönnun á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Til að gera fornleifakort yfir Botn var GPS stöð notuð við skráninguna. Ásamt því að staðsetja minjastaði voru mæld upp mannvirki, s.s. vegir, hús, og einnig náttúrumyndanir, s.s. ár, lækir, strandlengjur osfrv. Minjastöðunum var lýst, skráðir og staðsettir með GPS stöð. Loks voru teknar ljósmyndir af hverjum stað. Unnið var úr gögnunum í landupplýsingarforritinu Arcgis. Vörpun kortanna aftast í skýrslunni er Lambert 1993 (Conformal conic) og í landfræðikerfi ISN93.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin annars vegar úr landsskrá Fasteignamats ríkisins (Norður-Botn: 140303) og hins vegar eins og það kemur fyrir í jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Norður-Botn: 162). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. BS-140303-162:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer

þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins. Hnitin sem gefin eru upp í fornleifaskránni eru landshnit (279.955,56 574.819,23) en að auki eru allar staðsetningar gefnar upp í gráðum, mínútum og sekúndum.

Norður-Botn BS-140303-162

„Jarðardýrleiki 30 hundruð“ (J.Johnsen 1847) “Jörð í Tálknafirði við botn Tálknafjarðar, er vanalega nefnd Norður-Botn til aðgreiningar frá Vestur-Botni í Patreksfirði, þessa jörð fékk Guðmundur Arason 1460 fyrir lítið. 1710 er þar fjórbýli, nú er þar tvíbýli, heitir vestri bærinn Hjallatún. Hér var eitt sinn bænhús, en var fallið af fyrir manna minni 1710“ (Örnefnaskrá Botns). „Jörðinni er sundur skipti í fjóra bæi... Bænhús hefur hjer að fornu verið, af er fallið fyrir manna minni. Sjást þó merki af kirkjugarðsleifum.“ (Árni Magnússon 1940).

BS-Norður-Botn 140303-162:001

279.955,56 574.819,23

Hlutverk: Býli

Tegund: Bæjarhóll.

Staðhættir: Bæjarstæði Norður-Botns stendur rétt vestan þjóðvegarsins, í u.þ.b. 17 metra fjarlægð. Beint sunnan við það er stór skemma sem tilheyrir laxeldi Dýrfisks hf. Allt túnstæði jarðarinnar hefur orðið fyrir miklum skemmdum af framkvæmdum og má áætla að um 60% af gamla túninu sé horfið. (Staðsetning í gráðum og mínútum: 65°33'47.2/23°46'32.6)



Mynd 1. Bæjarhóll Norður-Botns.

Minjalýsing: Á bæjarstæðinu stendur lítið hús og steinsteyptur grunnur sem er það eina sem eftir er af síðasta húsinu sem stóð í Botni. Samkvæmt heimildamanni brann það fyrir nokkrum áratugum síðan. Ekki sést til neinna fornleifa en lágreistur hóll markar staðsetningu bæjarins.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Heimildir Örnefnaskrá Botns

BS-Norður Botn 140303-162:002

279.890,96 574.842,92

Sérheiti: Húsi

Hlutverk: Íveruhús

Tegund: Íveruhús

Staðhættir: „Fyrir utan þetta tún, fast við sjóinn eru tóftir, þar var býli fyrir skömmu og heitir þetta Húsi (66).“ (Örnefnaskrá Botns). Svo til beint í vestur frá bæjarhól Botns og stendur rétt fyrir ofan fjöruna. Austan megin við rústina hefur stóru svæði verið raskað. (Staðsetning í gráðum og mínútum:



Mynd 2. Húsi.

65°35'58.0/23°46'37.7)

Minjalýsing: Lítil rúst stendur gróin og er hún 5 x 4 m að stærð. Hleðslur eru grónar og standa í u.þ.b. 60 sentímetra hæð.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Heimildir. Örnefnaskrá Botns

BS-Norður Botn 140303-162:003

279.940,85 574.914,27

Sérheiti: Þórðartættur

Hlutverk: Íveruhús

Tegund: Íveruhús

Staðhættir: „Fast við þetta tún kemur það sem tilheyrir býli því er Hjallatún (68) heitir, er það öðru nafni nefnt Botn II. Innst og neðan til í því túni mótast fyrir gömlum tóftum sem heita Þórðartættur (69)“ (Örnefnaskrá Botns). Samkvæmt heimildamanni stóðu þessar tóftir í u.þ.b. 90 metra fjarlægð í norð vestur frá Bæjarstæðinu. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°35'50.4/23°46'34.3)



Mynd 3. Þórðartættur.

Minjalýsing: Sléttað tún og ekki sést til neinna fornminja.

Hættumat: Engin hættu.

Heimildir Örnefnaskrá Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:004

280.047,94 574.795,12

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Óþekkt

Staðhættir: Beint í austur frá gamla bæjarstæðinu á Botni. Í u.þ.b. 100 metra fjarlægð rétt upp við steinhlaðinn túngarð sem stendur upp í hlíð fyrir ofan bæjarstæðið, þ.e. austan þjóðveggarins. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°35'46.8/23°46'25.2)



Mynd 4. Óþekkt rúst.

Minjalýsing: Lítil ferhyrnd, grjóthlaðin rúst, 6 x 4 metrar. Inngangur er á vesturhlið og leifar bárujárnspaks sést innan í henni. Líklegt er að þessi minjastaður hafi verið í notkun á 20. öld.

Hættumat: Engin hættu.

BS-Norður Botn 140303-162:005

280.069,28 574.818,33

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Garðlag.

Tegund: Túngarður.

Staðhættir: Beint í austur frá gamla bæjarstæðinu á Botni. Í u.þ.b. 100 metra fjarlægð. Stendur rétt austan við rúst nr. 4. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°35'46.7/23°46'24.9).

Minjalýsing: Túngarðurinn er grjóthlaðinn en aðeins neðsta steinaröðin stendur. Garðurinn liggur í norðaustur/suðvestur og er um 160 metrar á lengd.

Hættumat: Engin hætta.



Mynd 5. Túngarður.

BS-Norður Botn 140303-162:006

280.070,21 575.001,17

Sérheiti: Hjallatún.

Hlutverk: Býli.

Tegund: Hjáleiga.

Staðhættir: „Ofan til í því túni er brekka sem heitir Pemba (67). Fast við þetta tún kemur það sm tilheyrir því býli því er Hjallatún (68) heitir er það öðru nafni nefnt Botn II.“ Hjáleigan Hjallatún stóð á sama stað og býlið sem ber sama nafn stendur nú. Í norðaustur átt frá bæjarstæði Botns og í hlíðinni fyrir ofan bæinn. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°35'53.3/23°46'23.3)



Mynd 6. Hjallatún.

Minjalýsing: Allt gamla túnstæði býlisins Hjallatúns er horfið þar sem að miklar framkvæmdir hafa verið á því svæði í gegnum tíðina. Engar minjar voru sjáanlegar í eða við núverandi bæjarstæði og er líklegt að fyrri framkvæmdir hafi eyðilagt þær að fullu.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir Örnefnaskrá Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:007

280.002,46 575.052,68

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Beint norður af bæjarstæði Botns er lítill túnstæði og á því sjást nokkrar þústir. Í u.þ.b. 150 metra fjarlægð frá Botni. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°35'55.0/23°46'30.3)

Minjalýsing: Ekki sést til neinna fornleifa en yfirborð svæðisins bendir til að eitthvað gæti leynst undir sverði.

Hættumat: Engin hætta

BS-Norður Botn 140303-162:008

280.154,67 575.649,94

Sérheiti: Botnsrétt

Hlutverk: Rétt.

Tegund: Skilarétt.

Staðhættir: „Neðst í þessu felli, skammt ofan við Ennin, er skilarétt nefnd Botnsrétt“. Norðvestur af bæjarstæði Botns í hlíðinni austan þjóðvegarsins. Réttin stendur í brekku rétt ofan við rafstöð. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°36'13.9/23°46'30.3)



Mynd 7. Botnsrétt.

Minjalýsing: Réttin er grjóthlaðin og stendur að mestu leiti þó svo að veggir séu byrjaðir að falla. Réttin er 26 x 26 metrar og er með 9 hólfi.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:009

278.823,44 575.342,4

Sérheiti: Merkjagarður.

Hlutverk: Garðlag.

Tegund: Landamerki.

Staðhættir: „Fjörðurinn, sem hér endar, er Tálknafjörður. Upp frá botni hans er láglandi nokkurt, og um það fellur Botnsá, hún er ekki mjög löng, en getur orðið vatnsmikil. Neðst liðast hún um eyrar en fellur niður í dalinn í miklum gljúfrum. Á merkjum móti Höfðadal hefur verið gerður Merkjagarður, sem aðeins sést enn fyrir“. Syðst í firðinum byrjar malarvegur sem liggur út Tálknafjörðinn vestanmegin. Farið er eftir þessum vegi í u.þ.b. kílómetri og þá er komið að garðleifum sem liggur frá fjörunni og upp eftir hlíðinni. (Staðsetning í gráðum, mínútum og sekúndum: 65°36'00.5/23°48'08.2)



Mynd 8. Merkjagarður.

Minjalýsing: Garðurinn er grjóthlaðinn en aðeins neðsti hluti hans er greinilegur. Hægt er að sjá móta fyrir honum upp eftir hlíðinni og er hægt að rekja hann í u.þ.b. 200 metra.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Örnefnaskrá Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:010

281.395,73 573.317,33

Sérheiti: Sel.

Hlutverk: Sel.

Tegund: Sel.

Staðhættir: „Fyrir framan það gil (Hádegisgil) tekur við lyngivaxin hlíð, sem nefnd er Smágiljahlíð. Þessi hlíð endar við gljúfrin í Botnsá, sem eru nefnd Botnsgljúfur eða aðeins Gljúfur (22a). Fram undan þessari hlíð er dálítið graslendi, sem heitir Sel. Lítið eða ekki neitt ber á tóftum í selinu.“ Botnsá er fylgt inn dalinn og þegar komið er í botn hans þar sem gljúfrin byrja er lítið graslendi austanmegin við ána. (65°35'02.6/23°44'31.7)



Mynd 9. Sel.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa en neðst á grasbalanum við ána er þýft svæði og er líklegt að selið hafi staðið á þessum slóðum. Svæðið meðfram ánni hefur verið raskað af framkvæmdum við vatnslögn.

Hættumat: Hætta vegna rasks.

Heimildir: Örnefnaskrá Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:011

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Botns eru teiknuð 3 lítil hús austan við bæjarstæðið. Líklegt er að þessi hús hafi staðið þar sem eldisstöð Dýrfisks stendur núna.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að fyrri framkvæmdir hafi raskað þeim.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:012

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Botns eru teiknuð 3 lítil hús austan við bæjarstæðið. Líklegt er að þessi hús hafi staðið þar sem eldisstöð Dýrfisks stendur núna.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að fyrri framkvæmdir hafi raskað þeim.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:013

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Botns eru teiknuð 3 lítil hús austan við bæjarstæðið. Líklegt er að þessi hús hafi staðið þar sem eldisstöð Dýrfisks stendur núna.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að fyrri framkvæmdir hafi raskað þeim.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:0114

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Hjallatúns eru teiknuð 4 hús norðaustan við bæjarstæðið. Miklar framkvæmdir hafa orðið í gegnum tíðina við bæjarstæði Hjallatúns og hefur öllum þessum húsum verið raskað.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að túnasléttun og byggingarframkvæmdir hafi raskað húsunum.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Hjallatúns.

BS-Norður Botn 140303-162:0115

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Hjallatúns eru teiknuð 4 hús norðaustan við bæjarstæðið. Miklar framkvæmdir hafa orðið í gegnum tíðina við bæjarstæði Hjallatúns og hefur öllum þessum húsum verið raskað.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að túnasléttun og byggingarframkvæmdir hafi raskað húsunum.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Hjallatúns.

BS-Norður Botn 140303-162:0116

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Hjallatúns eru teiknuð 4 hús norðaustan við bæjarstæðið. Miklar framkvæmdir hafa orðið í gegnum tíðina við bæjarstæði Hjallatúns og hefur öllum þessum húsum verið raskað.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að túnasléttun og byggingarframkvæmdir hafi raskað húsunum.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Hjallatúns.

BS-Norður Botn 140303-162:0117

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Hjallatúns eru teiknuð 4 hús norðaustan við bæjarstæðið. Miklar framkvæmdir hafa orðið í gegnum tíðina við bæjarstæði Hjallatúns og hefur öllum þessum húsum verið raskað.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa og er líklegt að túnasléttun og byggingarframkvæmdir hafi raskað húsunum.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Túnakort Hjallatúns.

BS-Norður Botn 140303-162:0118

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Íveruhús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Stykkis eru teiknuð 3 hús. Heimildamaður gat ekki gefið nákvæma staðsetningu á Stykki en þótti þó líklegt að það hafi staðið við sjóinn fyrir neðan bæjarstæði Botns.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætt.

Heimildir: Túnakort Stykkis.

BS-Norður Botn 140303-162:019

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Stykkis eru teiknuð 3 hús. Heimildamaður gat ekki gefið nákvæma staðsetningu á Stykki en þótti þó líklegt að það hafi staðið við sjóinn fyrir neðan bæjarstæði Botns.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætt.

Heimildir: Túnakort Stykkis.

BS-Norður Botn 140303-162:020

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Á túnakorti Stykkis eru teiknuð 3 hús. Heimildamaður gat ekki gefið nákvæma staðsetningu á Stykki en þótti þó líklegt að það hafi staðið við sjóinn fyrir neðan bæjarstæði Botns.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætt.

Heimildir: Túnakort Stykkis.

BS-Norður Botn 140303-162:021

Sérheiti: Gullhóll.

Hlutverk: Þjóðsaga.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: „Nú er maður kominn heim að túni á Norður-Botni. Fremst á því er hóll, sem heitir Gullhóll, þar eru nú tvær súrheystættur. Gömul sögn er að þar hafi verið grafið gull. En ekkert hefur fundizt þar merkilegt nema bein úr einum manni. Stærstu beinin héldu sér nokkuð, hin voru rotin.“ (Örnefnaskrá Botns) Samkvæmt heimildamanni stóð þessi hóll suðaustan við bæjarstæðið en hefur verið eyðilagður.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Örnefnaskrá Botns.

BS-Norður Botn 140303-162:022

Sérheiti: Bænhúshóll.

Hlutverk: Kirkja.

Tegund: Bænhús.

Staðhættir: „Neðan til í túninu er einkennilegur hóll, sem heitir bænhúshóll.“ (Örnefnaskrá Botns). „Bænhús hefur hjer að fornu verið, af er fallið fyrir manna minni. Sjást þó merki af kirkjugarðsleifum.“ (Árni Magnússon 1940) Samkvæmt heimildamanni stóð þessi hóll suðaustan við bæjarstæðið aðeins neðar en Gullhóll en hefur verið eyðilagður.

Minjalýsing: Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir: Örnefnaskrá Botns.

4. Niðurstöður

Elstu heimildir um Norður-Botn benda til þess að bærinn hafi verið í byggð á miðöldum. Líklegt er að byggð hafi verið komin í Botn að minnsta kosti á 11. öld þar sem minnst var á bænhús á jörðinni í heimildum frá öndverðri 18. öld og var það þá löngu aflagt (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940). Almenn séð voru bænhús reist á fjölmörgum bæjum á Íslandi skömmu eftir kristni og má því leiða líkur að því að bænhúsið í Botni hafi verið byggt á svipuðum tíma, þ.e. snemma á miðöldum. Á seinni hluta 15. aldar eignast Guðmundir Arason á Reykhólum jörðina (D.I.IV). Þegar komið var var fram á fyrri hluta 18. aldar var fjórbýlt á jörðinni og hélst það búsetumunstur fram á fyrri hluta 20. aldar (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940, J.Johnsen 1847).


Við heimildakönnun fyrir jörðina Botn í Tálknafirði fundust heimildir fyrir 22 minjastöðum en við vettvangskönnun var einungis hægt að staðsetja 7 minjastaði af 22 eða aðeins 32% af þeim stöðum sem heimildir gáfu til kynna að hefðu verið á staðnum. Við vettvangskönnunina bættust við 3 staðir sem engar heimildir voru til um, túngarður (005), óþekkt rúst (005) og einn líklegur minjastaður (007).

Fyrri framkvæmdir og framkvæmdir á vegum Dýrfisks hf. hafa raskað túnstæði jarðarinnar og líklegt er að þó nokkrir minjastaðir hafi þegar verið eyðilagðir við eldri framkvæmdir á svæðinu. Nýlega hefur verið byrjað á framkvæmdum vestan við eldisstöð fyrirtækisins og eru tveir minjastaðir í hættu vegna þeirra; bæjarhóll Norður-Botns (140303-162:001) sem stendur rétt norðan við framkvæmdarsvæðið og lítill tóft; Húsi (140303-162:002) sem stendur vestan við svæðið. Báðir þessir staðir eru í mikilli hættu vegna framkvæmda (kort 3).


Lítið er eftir af túnstæði Hjallatúns og hefur svæðinu verið umturnað í gegnum tíðina bæði af túnasléttu og byggingarframkvæmdum. Ekki sást nein ummerki um þá minjastaði sem sýndir voru á túnakorti jarðarinnar frá 1918. Sömuleiðis er ekkert eftir af túnstæði eða þeim minjastöðum sem sýndir eru á túnakorti Stykkis frá sama tíma.

Ljóst er á fornleifakönnuninni að nokkrir minjastaðir hafa orðið fyrir raski vegna ýmissa framkvæmda. Nauðsynlegt er að komið verði í veg fyrir frekara rask með fyrirbyggjandi aðgerðum t.d. að girða utan um þær minjar sem eru í hættu eins og bæjarhól Norður-Botns og litlu tóftina vestan við framkvæmdarsvæði Dýrfisks hf. Mikilvægt er að við frekari skipulagningu jarðarinnar að tillit verði tekið til fornminja og þær merktar sérstaklega svo hægt verði að komast hjá óþarfa skemmdum.


5. Kort




Kort 1. Skráðir minjastaðir í landi Botns í Tálknafirði.




Kort 2. Skráningarsvæðið.




Kort 3. Minjastaðir við Botn og Hjallatún.




Kort 4. Minjastaðir norðan við Botn.




Kort 5. Minjastaðir norðvestan við Botn.



Kort 6. Túnakort Norður-Botns í Tálknafirði.



Kort 7. Túnakort Hjallatúns.



Kort 8. Túnakort Stykkis.

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. IV. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Samband vestfirzkra átthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Óprentaðar Heimildir

Stofnun Árna Magnússonar.

Örnefnaskrá Botns í Tálknafirði

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort Botns, Hjallatúns og Stykkis.